



Til: Skipulags- og samgönguráðs

Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

***Efni: Tillaga Sjálfstæðisflokksins um hreinsun veggjakrots (USK2021060053)***

Vísað er til tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um hreinsun veggjakrots (US210151) dagsetta 2. júní 2021. Fyrirspurning er svohljóðandi: „*Skipulagsráð samþykkir að farið verði hið fyrsta í allsherjarátak við að hreinsa veggjakrot í borginni sem hefur stóraukist að undanfögnu. Veggjakrotið er ekki eingöngu bundið við borgina heldur er einnig farið að bera á mikilli aukningu þess í úthverfinum. Til að stemma stigu við veggjakrotinu er mikilvægt að leitað verði eftir samstarfi m.a. við íbúaráð, íbúasamtök, þjónustumiðstöðvar, verkbækistöðvar hverfanna, skóla, frístundamiðstöðvar, félagasamtök og rekstraraðila í þeirri viðleitni að draga úr veggjakroti. Tillögunni fylgir greinargerð.*“

Eitt af hlutverkum skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins er að hafa umsjón með hreinsun veggjakrots í borginni. Verkefninu er sinnt annars vegar af þjónustumiðstöð borgarlandsins og hins vegar hverfastöðvum austur og vestur. Þjónustumiðstöðin hreinsar veggjakrot í undirgöngum, hljóðmönnum, umferðabrúum og af öðru yfirborði í borgarlandi auk þess að sjá um þrif á kroti á strætóskýlum og umferðarskiltum. Þjónustumiðstöð er einnig með samstarf við íbúa varðandi hreinsun veggjakrots þar sem um er að ræða eignir í einkaeigu, en þá er boðið upp á aðstoð og kennslu um hvernig best sé að bera sig að og er það gert í samvinnu við verktaka, sem sér um þau samskipti að mestu. Hægt er að kynna sér það verkefni á [www.reykjavik.is/veggjakrot](http://www.reykjavik.is/veggjakrot). Verkefni þetta hefur fyrst og fremst verið hugsað fyrir íbúa í miðborgar Reykjavíkur, enda ástandið verið verst þar undanfarnin ár. Það hefur þó færst í vöxt að íbúar í öðrum hverfum hafi leitað aðstoðar og þá hefur verið orðið við þeirri beiðni.

Hverfastöðvar austur- og vesturhluta hafa séð um hreinsun á kroti á bekkjum, ruslastömpum, ljósastaurum, stöðumælum, drykkjarfontum og fleiri sambærilegum götugögnum auk tilfallandi verkefna.

Deild opinna svæða á skrifstofu framkvæmda og viðhalds sér um hreinsun á veggjakroti innan grunn- og leikskólalóða, en fasteignastjórar á vegum þeirrar skrifstofu sjá um hreinsun á kroti þegar kemur að öðrum mannvirkjum á vegum borgarinnar, s.s. sundlaugum, íþróttamiðstöðvum, opnum leiksvæðum o.fl.

Hvað varðar miðborgina er sérstakur málningarhópur starfræktur yfir sumartímann sem fer um miðborgina og málur yfir eða hreinsar veggjakrot af götugögnum og öðrum eigum borgarinnar.

Vorið 2020 var farið í sérstakt átak þar sem veggjakrot í miðborginni var kortlagt og rekstraraðilum í miðborginni boðin aðstoð við að hreinsa veggjakrot af byggingum. Þetta átak var endurtekið nú í vor (2021). Nú í vor var einnig farið í sérstakt átak í samvinnu við Veitur og Mílu um að hreinsa veggjakrot og plaköt/límmiða af rafmagnskössum og tengiboxum ásamt því að bera á það sérstakt efni sem gerir það að verkum að erfitt er að krotu eða líma á kassana. Með þessum verkefni hefur náðst umtalsverður árangur í að sporna við kroti

miðalímingar á götugögnin en einnig má geta þess að almenn ánægja er með samstarf borgarinnar og rekstraraðila um upprætingu veggjakrots.

Eins og sést á ofangreindu er Reykjavíkurborg að gera ýmislegt í að uppræta veggjakrot en auðvitað má gera betur. Til þess þarf að skipuleggja verkefnið enn frekar og setja aukna fjármuni í það en í núverandi kerfi er unnið eftir fjárveitingum hverju sinni í árlegri fjárhagsáætlun. Það væri mjög jákvætt að auka fjármagn í þetta verkefni og setja af stað aðgerðir sem enn frekar sporna við veggjakroti og þeim skemmdarverkum sem því fylgir.

Virðingarfyllst,



Hjalti J. Guðmundsson  
Skrifstofustjóri reksturs og umhirðu borgarlandsins